63
14. nóvbr.

KONUNGSBRJEF

um

setning Alþingis.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vjer viljum veita yður sem forsætisráðherra Vorum umboð til þess í Voru nafni að setja Alþingi, er koma á saman til reglulegs fundar fimtudaginn 19. janúar 1928.

Gefið á Amalíuborg, 14. nóvember 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

64
18. nóvbr.

AUGLÝSING

um

samning milli Íslands og Danmerkur um gagnkvæmi um slysatryggingu verkamanna og örorkutryggingu.

Hinn 13. október þ. á. var í Kaupmannahöfn undirritaður svofeldur samningur milli Íslands og Danmerkur af fulltrúum ríkjanna:

SAMKOMULAG
milli Íslands og Danmerkur um gagnkvæmi um slysatryggingu verkamanna og örorkutryggingu.

Undirritaðir hafa gjört eftirfarandi samkomulag, með gildu umboði hvor frá sinni stjórn.

OVERENSKOMST
mellem Danmark og Island om Gensidighed i Arbejder-Ulykkesforsikringen og Invalideforsikringen.

Undertegnede af deres respektive Regeringer dertil behörigt befuldmægtigede, har indgaaet fölgende Overenskomst.

A. Slysatrygging verkamanna.

1. Ísland og Danmörk heita hjermeð hvort öðru því, að verkamenn, sem fyrir slysum verða, og falla undir ákvæði slysatryggingarlöggjafar þeirrar sem, hvenær sem er, er í gildi í öðruhvoru landanna,og þeir sem slíkir verkamenn láta eftir sig, skuli ekki missa rjett til bóta þótt þeir sem heimilisfastir menn í hinu landinu taki bústað eða hafi bústað eða dvöl í því landi.

2. Bæturnar skulu að öðru leyti veittar og upphæð þeirra ákveðin eftir reglum þeim sem gilda, hvenær sem er, um það efni í því landinu sem bæturnar veitir, sömuleiðis skulu þeir, sem rjett eiga til bóta, vera háðir slysatryggingarlöggjöfinni í hinu landinu, sem þeir fá bæturnar frá, um alt það er snertir tryggingarrjettindi þeirra og skyldur.

3. Slysatrygging ríkisins á Íslandi og verkamannatryggingarráðið danska skulu aðstoða hvort annað í þeim málum, sem samkomulag þetta er um, gegn endurgreiðslu kostnaðar þess, sem á fellur.

4. Framangreind ákvæði ná til slysa, sem koma fyrir daginn eftir undirskrift samkomulags þessa og síðar, ákvæði 3. liðar skulu þó einnig ná til slysa sem fyr hafa orðið.

5. Framangreind ákvæði ná eigi til laga, sem eru eða sett kunna að verða á Íslandi eða í Danmörku, um auknar bætur til farmanna fyrir slys, sem verða vegna hernaðarástands.

A. Arbejder-Ulykkesforsikringen. **64**

1. Danmark og Island tilsiger 18. nóvbr. herved hinanden, at de af Arbejder-Ulykkesforsikringslovgivningen i et af Landene til enhver Tid omfattede tilskadekomne Arbejdere saavelsom disses Efterladte ikke skal kunne fortabe Retten til Erstatning, fordi de som hjemmehörende i det andet Land erhverver eller har Bopæl eller Ophold i dette.

2. Erstatningerne tilkendes og fastsættes forövrigt efter de Regler, som i saa Henseende til enhver Tid er gældende i det Land, hvorfra Erstatningen ydes, ligesom den erstatningsberettigede i alle Sager, som angaar hans forsikringsmæssige Rettigheder og Pligter, skal være underkastet Ulykkesforsikringslovgivningen i det Land, hvorfra han modtager Erstatningen.

3. Det danske Arbejderforsikrings-Raad og Statens Ulykkeforsikring i Island skal i de Tilfælde, der omhandles i denne Overenskomst, imod Refusion af derved paalöbne Omkostninger bistaa hinanden.

4. Foranstaaende Bestemmelser kommer til Anvendelse paa Ulykkestilfælde, som indtræffer fra og med Dagen efter den Dag, da Overenskomsten underskrives, dog skal Bestemmelserne i Punkt 3 gælde ogsaa for saa vidt angaar Ulykkestilfælde indtrufne forinden.

5. Foranstaaende Bestemmelser kommer ikke til Anvendelse paa de Love, som er eller bliver udstedte i Danmark eller Island angaaende foröget Erstatning til Söfolk for Ulykkestilfælde som Fölge af Krigstilstand.

64 18. nóvbr.

B Örorkutrygging.

6. Ef örorku-lífeyrir er veittur samkv. núgildandi löggjöf eða seinni löggjöf í öðruhvoru landanna, geta þeir notið hans, sem taka sjer bústað í hinu landinu, gegn því að stjórnarvöld þess lands taki að sjer nauðsynlegt eftirlit, nauðsynlegar rannsóknir og, ef til kemur, ráðstafanir til lækninga, um lífeyrisnjótendur, fyrir milligöngu sjerstakrar örorkutryggingarstofnunar eða annars stjórnarvalds, enda sje þess óskað af þeim sem hafa á hendi stjórn örorkutryggingarinnar í því landi sem lífeyririnn veitir, og gegn endurgreiðslu kostnaðar sem á fellur.

7. Framangreind ákvæði um örorkutryggingu ná einnig til lífeyris sem veittur hefir verið áður en samkomulagið gengur í gildi.

8. Samkomulagið — eða annarhvor kafla þess — fellur úr gildi við lok almanaksárs, ef annarhvor aðilja segir því upp með 1 árs fyrirvara að minsta kosti.

9. Samkomulag þetta gengur í gildi þegar í stað.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir undirskrifað samkomulag þetta og sett við innsigli sín.

Gefið í Kaupmannahöfn í tveim eintökum þann 13. október 1927.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

B. Indvalideforsikring.

6. Invaliderente, der tilstaas i Henhold til gældende eller fremtidig Lovgivning i et af Landene skal kunne nydes af Personer der tager Bopæl i det andet Land imod, at det andet Lands Myndigheder efter nærmere Begæring fra Invalideforsikringsmyndighederne i det Land, i hvilket Renten er tilkendt, og mod Refusion af paalöbne Omkostninger paatager sig den fornödne Kontrol, Undersögelse, eventuelt Helbredelsesforanstaltninger vedrörende Rentenyderne gennem særlig Invalideforsikringsinstitution eller anden Statsmyndighed.

7. Foranstaaende Bestemmelser vedrörende Invalideforsikringen kommer ogsaa til Anvendelse paa Renter, der er tilkendte forinden Overenskomstens Ikrafttræden.

8. Overenskomsten — eller et af dens Afsnit — kan bringes til Ophör ved Opsigelse af enhver af Parterne med en Frist af mindst 1 Aar til Udgangen af et Kalenderaar.

9. Denne Overenskomst træder straks i Kraft.

Til Bekræftelse heraf har undertegnede underskrevet denne Overenskomst og forsynet den med deres Segl.

Udfærdiget i Köbenhavn i to Eksemplarer, den 13. Oktober 1927.

L. Moltesen.
(L. S.)

Þetta gjörist hjer með kunnugt.

Forsætisráðherrann, 18. nóv. 1927.

Tryggvi Þórhallsson.